



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

LSTR1LL03

Kennari	Jóhann Jóhannsson johann.johannsson@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar 14:00- 14:40, stofa 221.	
Námsefni	Efni frá kennara.	
Áfangalýsing	Í áfanganum er fjallað um sögu og þróun Marvel, allt frá upphafi myndasagnanna til Marvel Cinematic Universe. Nemendur kynnst helstu persónum, hetjum og illmennum Marvel-heimsins og skoða mikilvæga atburði og söguboga. Áhersla er lögð á persónusköpun, samfélagsleg og menningarleg áhrif Marvel, auk þess sem kvikmyndir og myndasögur eru bornar saman.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Lögð verða fyrir ýmis verkefni í tímum. Auk þess sem virkni í kennslustundum verður metin til helmings við annað.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi
	Þátttaka og virkni	100 %
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Kennsluáætlun kann að taka breytingum en þá að höfðu samráði við nemendur.	
Grunnþættir menntunar	Sköpun er efld með verkefnum, kynningum og sjálfstæðri vinnu þar sem nemendur fá tækifæri til að túlka og miðla eigin hugmyndum. Jafnframt er unnið með lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og menningarlega fjölbreytni með umræðu um fordóma, mismunun, vald, réttlæti, sjálfsmynd og ólíkan bakgrunn Marvel-persóna.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Helstu tímabilum, persónum og atburðum í sögu Marvel-myndasagna og þróun Marvel Cinematic Universe. • Hvernig Marvel-persónur og sögur endurspeгла samfélagsleg, menningarleg og pólitísk málefni á ólíkum tímum. • Hvernig persónur og sögur Marvel hafa þróast við yfirfærslu úr myndasögum yfir í kvikmyndir og aðra miðla.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Greina persónur, sögur og atburði Marvel út frá persónusköpun, söguþræði, þemum og samfélagslegu samhengi. • Bera saman ólíkar útgáfur af Marvel-persónum og meta hvernig miðill og tími hafa áhrif á framsetningu þeirra. • Afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og miðla niðurstöðum sínum á skýran og gagnrýnninn hátt, bæði í ræðu og riti.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Setja Marvel-sögur og persónur í sögulegt og samfélagslegt samhengi og rökstyðja eigin skoðanir. • Nýta greiningu og gagnrýna hugsun við umfjöllun um kvikmyndir, myndasögur og aðra miðla sem tengjast Marvel-heiminum. • Vinna sjálfstætt að verkefnum þar sem hann rannsakar, greinir og kynnir tiltekna persónu, sögu eða þátt úr Marvel-heiminum.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 3 klst.	48 klst.
Undirbúningur	6 klst.	6 klst.
Alls		54 klst. = 3 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Hvað er Marvel 1. Inngangur að Marvel heiminum 2. Frá Timely Comics til Marvel 3. Golden Age of comics	
2. vika 24.-28. ágúst	Marvel byltingin 1. Fantastic Four 2. Spider Man 3. Spider Man í kvikmyndum	
3. vika 31. ágúst-4. september	Persónur sem endursköpuðu ofurhetjuna 1. X-Men 2. Hulk 3. Iron Man	
4. vika 7.-11. september	Avengers 1. Captain America 2. Thor og Asgard 3. Avengers verður til	
5. vika 14.-18. September Samskiptadagur 14. sept	Marvel Cinematic Universe 1. Hvað er MCU 2. Infinity Stones 3. Thanos	
6. vika 21.-25. september	Stóra Marvel sagan 1. Captain America: Civil War 2. Infinity War 3. Endgame	
7. vika 28. september-2. október	Black Panther og Wakanda 1. Black Panther 2. Killmonger 3. Black Panther í kvikmyndum	
8. vika 5.-9. október	Konur í Marvel 1. Black Widow 2. Captain Marvel 3. Scarlet Witch	
9. vika 12.-16. október Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.	GOTG og Cosmic Marvel 1. Guardians of the Galaxy 2. Cosmic Marvel 3. Guardians of the Galaxy sem kvikmynd	
10. vika 19.-23. október Vetrarleyfi 23. október	Marvel og multiverse 1. Hvað er multiverse 2. Spider man: into the Spider verse 3. Doctor Strange og multiverse	
11. vika 26.-30. Október Vetrarleyfi 26. október	Vondu kallarnir 1. Loki 2. Magneto 3. Helstu Marvel Illmenni	
12. vika 2.-6. nóvember	Marvel og Samfélagið 1. Marvel og stjórnmál 2. Marvel og samfélagsleg málefni 3. Hvers vegna elskum við ofurhetjur	

Virðing, samvinna og árangur

13. vika 9.-13. nóvember	Marvel í kvikmyndum 1. Frá myndasögu til kvikmyndar 2. Hvað gerir Marvel mynd góða? 3. Marvel kvikmyndadagur	
14. vika 16.-20. nóvember	Marvel í dag 1. Ný kynslóð hetja 2. Hvernig Marvel hefur breyst 3. Hvert stefnir Marvel	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Lokaverkefni 1. Undirbúningur lokaverkefnis 2. Lokaverkefnisvinna 3. Kynningar	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Lokaverkefni 1. Kynningar 2. Uppsóp 3. Uppsóp	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Jóhann Jóhannsson